

Reykjavík, 31. janúar 2022

Ákvörðun um veitingu áminningar og tímabundna niðurfellingu löggildingar til endurskoðunarstarfa, skv. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019

Með bréfi endurskoðendaráðs til þín, dags. 28. október 2021, kemur fram að ráðinu hafi borist ábending frá ársreikningaskrá um að þann 15. mars 2021 hafir þú, f.h. félagsins A ehf., áritað ársreikning félagsins C ehf., fyrir reikningsárið 2020.

Í bréfinu kemur fram að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, skuli endurskoðun fara fram á vegum endurskoðunarfyrtækis sem hefur starfsleyfi og er skráð í endurskoðendaskrá. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. sömu laga sé endurskoðendum skylt að stofna félag um rekstur endurskoðunarfyrtækis í því formi sem þeir sjálfir kjósi. Um nánari skilyrði fyrir veitingu starfsleyfis sem endurskoðunarfyrtæki er vísað til 4. gr. laga nr. 94/2019. Af framangreindu ákvæði leiði að endurskoðun, sem ekki fer fram á vegum skráðs endurskoðunarfyrtækis sem fengið hefur starfsleyfi, sé óheimil.

Í bréfi endurskoðendaráðs kemur einnig fram að samkvæmt upplýsingum ráðsins hafi endurskoðun ársreiknings C ehf. ekki farið fram á vegum endurskoðunarfyrtækis sem fengið hafi starfsleyfi og sé skráð í endurskoðendaskrá. Því telji endurskoðendaráð að með áritun þinni á ofangreindan ársreikning hafir þú brotið gegn ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Jafnframt hafir þú brotið gegn ákvæði 1. mgr. 14. gr. sömu laga þar sem fram kemur að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og siðareglur endurskoðenda og skuli af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf hans. Fram kemur að endurskoðendaráð líti framangreinda háttsemi alvarlegum augum og er vakin athygli á því að skv. 48. gr. laga nr. 94/2019 geti slík háttsemi varðað réttindamissi, varanlegum eða tímabundnum, í allt að þrjú ár og áminningu endurskoðanda. Var þér veittur frestur til 11. nóvember 2021 til að koma að athugasemdum/andmælum vegna framangreinds, sbr. 13. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.

Endurskoðendaráði bárust andmæli þín með bréfi dags. 11. nóvember 2021. Í því bréfi koma jafnframt fram athugasemdir þínar vegna annars bréfs endurskoðendaráðs, einnig dags. 28. október 2021, varðandi notkun orðsins „endurskoðun“ í firmaheiti félags þíns.

Í andmælum þínum kemur m.a. fram að þú leggir áherslu á að eiga góð samskipti við endurskoðendaráð og viljir njóta leiðsagnar ráðsins varðandi það sem betur megi fara. Þú hafir aldrei verið upptekinn af orðinu „endurskoðun“ en gerir þér nú grein fyrir því að í dag sé það eitt mikilvægasta orðið í íslensku talmáli. Í ársreikningum félags þíns hafi nafn félagsins ávallt verið

A ehf. og hafi orðið endurskoðun hvergi komið fyrir. Félagið sé einungis þekkt undir nafninu A ehf. og hafi það aldrei notið ávinnings af notkun orðsins endurskoðun. Aldrei hafi verið sett upp skilti utanhúss með nafni félagsins og það ekki haldið úti heimasíðu þar sem endurskoðun sé gefin í skyn. Félagið hafi aldrei sett inn færslur á samfélagsmiðla þar sem orðið endurskoðun komi fyrir né hafi verið birtar auglýsingar, styrktarlínur eða þess háttar með nafni félagsins og/eða orðinu endurskoðun.

Þá kemur fram að félagið/þú hafir aldrei tekið þátt í útboðum endurskoðunarverkefna, reikningsskila- eða bókhaldsverkefna. Hafi verið eftir því leitað að félagið tæki að sér verkefni sem krefðust endurskoðunar og endurskoðunaráritunar hafi því ávallt verið hafnað teldir þú það ekki sérsvið félagsins og á engan hátt eftirsóknarvert fyrir það að gefa sig í þá starfsemi. Þú hafir ekki skrifað upp á endurskoðuð verkefni fyrr en fyrir tveimur til þremur árum þegar fjögur fyrirtæki, sem félag þitt hafi þjónað til margra ára með reikningsskil, hafi farið yfir nýsett stærðarmörk þar sem velta þeirra hafi aukist lítillega. Hafir þú í upphafi árs 2021 upplýst umrædda aðila um að þú myndir ekki skrifa undir ársreikninga þeirra með endurskoðunaráritun framvegis og þyrftu þeir að finna aðra lausn frá og með reikningsárinu 2021. Það fyrirtæki, sem mál þetta varði, sé þegar komið í viðskipti hjá virtu endurskoðunarfyrirtæki.

Í andmælum þínum kemur fram að af einhverjum ástæðum og umhugsunarlaust hafi orðið endurskoðun komið fyrir í stöðluðum texta fyrir undirritun gagna hjá félaginu. Vitir þú að í gegnum árin hafi þessar undirskriftir í yfir 99% tilvika ekkert haft með endurskoðun eða endurskoðunaráritun að gera. Þetta sé sú synd sem framkvæmd hafi verið og sé það miður. Þessu hafi þegar verið breytt og komi orðið endurskoðun hvergi fram í skrifuðum texta frá félaginu lengur.

Af framangreindu megi ljóst vera að félagið/þú hafir aldrei nýtt þér orðið endurskoðun þér til framdráttar eða ávinnings nema síður væri, Með vísan til framanritaðs geti háttsemi félagsins og þín vart talist alvarleg. Það sé þér að meinalausu að verða við beiðni endurskoðendaráðs um að breyta nafni félagsins og afmá orðið endurskoðun úr firmaheiti þess. Send hafi verið tilkynning til fyrirtækjaskrár um breytt nafn ásamt nýjum samþykktum fyrir félagið. Orðið endurskoðun sé nú hvergi að finna í skráningargögnum félagsins hjá fyrirtækjaskrá og ekki heldur í stofngögnum þess. Þegar hið nýja nafn hafi verið skráð muni nafni félagsins á www.ja.is verða breytt til samræmis. Þú sért þeirrar skoðunar að með þessum aðgerðum sé orðið endurskoðun ekki lengur til vansa hjá félaginu og geti á engan hátt valdið misskilningi. Freistist þú til að líta svo á að ávirðingum endurskoðendaráðs varðandi orðið endurskoðun hjá félaginu sér þar með lokið.

Í andmælum þínum kemur jafnframt fram að þú hyggist ekki sækja um starfsleyfi fyrir félag þitt til frambúðar svo það geti talist endurskoðunarfyrirtæki í skilningi laga nr. 94/2019. Félagið sé nú ekki með nein endurskoðunarverkefni og hyggist ekki taka þátt í þeirri starfsemi í framtíðinni. Viljir þú fara þess vinsamlega á leit við endurskoðendaráð að það veiti félaginu tímabundið starfsleyfi u.þ.b. fram á mitt árið 2021 eða til næstu áramóta svo ekki komi til vandræða vegna

áritunar fyrir árið 2020 hjá framangreindum félögum. Frágangur uppgjors fyrir félögin hafi farið fram á fyrri hluta ársins og hefði verið betra að athugasemdir þessar hefðu komið fram fyrr eins og félagið hafi óskað eftir svo hægt hefði verið að bregðast við þeim í tæka tíð vegna uppgjors fyrir árið 2020. Hafir þú haldið að það yrði ekki fyrr en vegna uppgjors fyrir árið 2021 sem farið

yrði að taka fast á umræddum ákvæðum laganna varðandi þetta atriði. Þér til málsbóta viljir þú greina frá því að þú hafir verið samskiptum við starfsmann endurskoðendaráðs varðandi málefni félagsins í upphafi árs. Hafir þú í skrifum þínum við starfsmanninn getið þess að þú legðir mikið upp úr því að eiga gott samstarf við endurskoðendaráð og yrðir mjög þakklátur fengir þú að njóta leiðsagnar starfsmannsins um það sem betur mætti fara í framkvæmd. Hafir þú engin viðbrögð fengið fyrr en nú með bréfi starfsmannsins.

Fram kemur að þú hyggist halda löggildingu þinni sem endurskoðandi og teljir þig uppfylla öll skilyrði að því er varðar menntun, endurmenntun, starfsábyrgðartryggingu o.fl.

Með bréfi endurskoðendaráðs til þín, dags. 15. desember 2021, var þér tilkynnt að endurskoðendaráð hafi yfirfarið andmæli þín sem fram komu í bréfi, dags. 11. nóvember 2021. Vegna alvarleika þeirra brota sem um ræði í máli þessu og að teknu tilliti til andmæla þinna, sem fram hafi komið í framangreindu bréfi, hafi endurskoðendaráð til skoðunar að veita þér áminningu og fella niður réttindi þín til endurskoðunarstarfa tímabundið í einn mánuð með vísan til heimildar 1. mgr., sbr. 2. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Var þér veittur frestur til 10. janúar 2022 til að koma að frekari andmælum vegna framangreinds, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Endurskoðendaráði bárust andmæli þín með bréfi dags. 17. janúar 2022. Þar er vitnað til bréfs endurskoðendaráðs frá 16. desember 2021. Þar kemur fram að þú teljir ráðinu vera mikið niðri fyrir þar sem það dragi ekkert af er það fjalli um háttsemi þína og hversu alvarleg hún sé að mati ráðsins og brjóti í veigamiklum atriðum gegn ákvæðum 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Þá er í bréfi þínu vitnað til ummæla í bréfi endurskoðendaráðs þar sem fjallað er um fyrirhuguð viðurlög vegna framangreindra brota.

Í andmælum þínum kemur fram að þú sért ekki sömu skoðunar og endurskoðendaráð í máli þessu og eigir erfitt með að setja þig í þann ramma að þú sért afbrotamaður þar sem þú hafir aldrei verið ákærður fyrir brot á neinum lögum nema smávægilegum brotum á umferðarlögum. Þá hafir þú engar áminningar hlotið né boðun um frekari refsiaðgerðir. Teljir þú ekki þörf til frekari andsvara þar sem hugur ráðsins og boðuð refsing þér til handa liggi fyrir. Þú viljir þó benda ráðinu á, eins og fram hafi komið í skrifum þínum til ráðsins þann 11. nóvember 2021, að þú sért ekki að vinna nein endurskoðunarstörf er krefjist sérstaks leyfis frá endurskoðendaráði. Farir þú þess á leit við endurskoðendaráð að í dómi þess um ákvörðun refsingar fyrir meint brot gæti það hófs og sýni í þeim efnum réttlæti og sanngirni eins og dómurum beri ávallt að gera í sinni dómaframkvæmd. Með vísan til framangreinds sé spurning hvort ekki sé nægjanlegt að veita þér áminningu og sleppa réttindamissi í einn mánuð sem hafi í sjálfu sér enga þýðingu og valdi aðeins ruglingi varðandi undirritanir í einn mánuð.

Niðurstaða endurskoðendaráðs

Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun, er kveðið á um það að endurskoðun skuli fara fram á vegum endurskoðunarfyrtækis sem hefur starfsleyfi og er skráð í endurskoðendaskrá.

Ákvæði 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019 kveður m.a. á um það að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og siðareglur endurskoðenda og skuli af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf hans. Í framangreindu felst að endurskoðandi ber ábyrgð á því að störf hans séu unnin í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Ábyrgð endurskoðanda er rík þar sem hann gegnir starfi í þágu almannahagsmuna sem opinber sýslunarmaður. Í áritun endurskoðanda er því falið traust sem almenningur þarf að geta haft á störfum hans.

Eins og fram hefur komið í máli þessu liggur fyrir að þú hafir þann 15. mars 2021 áritað ársreikning C ehf. fyrir árið 2020, f.h. félagsins A ehf., sem nú heitir B ehf. Félagið hefur ekki starfsleyfi sem endurskoðunarfyrtæki eins og gerð er ófrávíkjanleg krafa um í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019. Það er afstaða endurskoðendaráðs, með vísan til framangreindra lagaákvæða, að það hafi verið ábyrgð þín sem endurskoðanda eins og atvikum máls þessa er háttáð að tryggja að félag þitt hafi haft tilskilið starfsleyfi sem var grundvöllur áritunar þinnar.

Endurskoðendaráð hefur yfirfarið andmæli þín sem fram koma í bréfum þínum, dags. 11. nóvember 2021 og 17. janúar 2022 og vísast nánar til þess sem þar kemur fram. Það er afstaða ráðsins að ekkert komi fram í þeim andmælum sem leysi þig undan þeirri ríku ábyrgð sem á þér hvílir sem endurskoðandi.

Með vísan til framangreinds telur endurskoðendaráð sýnt að með áritun þinni á ársreikning C ehf. fyrir árið 2020 hafir þú brotið gegn ákvæði 1. mgr. 4. gr. laga nr. 94/2019, um endurskoðendur og endurskoðun. Jafnframt hafir þú brotið gegn ákvæði 1. mgr. 14. gr. sömu laga þar sem fram kemur að endurskoðandi skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju og siðareglur endurskoðenda og skuli af kostgæfni og samviskusemi í hvívetna fylgja ákvæðum þeirra laga og reglna sem gilda um störf hans.

Það er niðurstaða endurskoðendaráðs að þó brotið sé alvarlegt teljist það ekki stórfellt í skilningi 1. mgr. 48. gr. laga nr. 94/2019, en samkvæmt ákvæðinu er ráðinu heimilt að fella réttindi endurskoðanda niður ef viðkomandi hefur brotið gegn ákvæðum laganna eða vanrækt skyldur sínar alvarlega að öðru leyti. Ráðinu er hins vegar skylt að áminna endurskoðanda sem brýtur gegn lögnum ef brot telst ekki stórfellt. Einnig er endurskoðendaráði í slíkum tilvikum heimilt að fella réttindi viðkomandi endurskoðanda tímabundið úr gildi í allt að þrjú ár.

Endurskoðendaráð tilkynnir þér hér með þá ákvörðun ráðsins að veita þér áminningu fyrir að hafa brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/2019. Í ljósi alvarleika brotsins

tilkynnir endurskoðendaráð þér enn fremur þá ákvörðun ráðsins að fella niður réttindi þín til endurskoðunar tímabundið í einn mánuð frá dagsetningu bréfs þessa að telja.

Ársreikningaskrá hafa verið sendar upplýsingar um að endurskoðun framangreinds ársreiknings C ehf. fyrir árið 2020 hafi ekki verið í samræmi við lög nr. 94/2019.

Vakin er athygli á því að sá hluti ákvörðunar endurskoðendaráðs sem snýr að tímabundinni niðurfellingu löggildingar þinnar sem endurskoðandi er kæránlegur til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, Skúlagötu 4, Reykjavík, sbr. 4. mgr. 35. gr. laga nr. 94/2019. Kærufrestur er þrjú mánuðir frá því þér var kynnt ákvörðunin, sbr. 1. mgr. 27. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993.